

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 93/8/EBE

frá 15. mars 1993

um breytingu á tilskipun ráðsins 82/711/EBE um nauðsynlegar grundvallarreglur til að mæla flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæliFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/109/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Ráðstafanir bandalagsins sem eru fyrirhugaðar með þessari tilskipun eru ekki aðeins nauðsynlegar heldur einnig óhjákvæmilegar til að ná markmiðum innri markaðarins. Einstök aðildarríki geta ekki náð þessum markmiðum auk þess sem nú þegar er kveðið á um í tilskipun 89/109/EBE að þeim skuli náð á vettvangi bandalagsins.

Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE frá 23. febrúar 1990 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 92/39/EBE ⁽³⁾, er gert ráð fyrir þeim möguleika að mæla flæði annaðhvort í matvælum eða matvælalíki enda þótt í tilskipun ráðsins 82/711/EBE ⁽⁴⁾ sé þess krafist að flæði sé einungis mælt í matvælalíki, nema því aðeins að greiningaraðferð sem gerir kleift að ákvarða flæði inn í matvæli hafi verið samþykkt opinberlega. Þetta ósamræmi getur valdið því að erfitt er um vik að beita þessum tilskipunum á réttan hátt og því er nauðsynlegt að eyða því.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 38.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 75, 21. 3. 1990, bls. 19, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 349, 13. 12. 1990, bls. 26.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 168, 23. 6. 1992, bls. 21.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 297, 23. 10. 1982, bls. 26.

Vegna aukinnar notkunar örbylgjuofna er nauðsynlegt að ákvarða ný, tiltekin prófunarskilyrði.

Til þess að eyða núverandi ósamræmi ber nauðsyn til að nema brott þann kost sem aðildarríkjum er veittur til að samþykkja innlendar reglur um mælingar við hátt hitastig.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 82/711/EBE:

1. Eftirfarandi kemur í stað 2. og 3. gr.:

„2. gr.

Heildarmörk og tiltekin mörk flæðis efna úr plastefnum eða -hlutum, sem um getur í 1. gr., í eða á matvæli eða matvælalíki mega ekki fara yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE(*) eða öðrum viðeigandi sértilskipunum.

3. gr.

1. Sannprófa skal hvort flæði í matvæli er í samræmi við tiltekin flæðimörk við ítrustu skilyrði, hvað varðar tímalengd og hitastig, sem unnt er að sjá fyrir við raunverulegar notkunaraðstæður.

2. a) Hafi aðildarríki, vegna nýrra upplýsinga eða endurmats á fyrirleggjandi upplýsingum eftir að tilskipun þessi hefur verið samþykkt, ríka ástæðu til að ætla að grundvallarreglur um flæðimælingar á tilteknum plastefnum eða - hlutum sem mælt er fyrir um í viðaukanum séu tæknilega ófullnægjandi eða ef raunverulegar notkunarástæður eru í grundvallaratriðum ólíkar mæliaðstæðunum sem tilgreindar eru í töflunni í viðaukanum, getur það frestað um sinn gildistöku grundvallarreglnanna sem um getur í viðaukanum á yfirlýðingarsvæði sínu, en aðeins í ákveðnu tilviki, og heimil að beitingu heppilegri grundvallarreglna. Það skal þegar í stað tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.
- b) Framkvæmdastjórnin skal kanna eins fljótt og unnt er þau rök sem hlutaðeigandi aðildarríki færir fram og hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndar um matvæli, skila álitum sínum án tafar og breyta þessari tilskipun ef nauðsyn krefur. Í því tilviki er því aðildarríki sem samþykkt hefur heppilegri ráðstafanir heimilt að viðhalda þeim uns fyrrnefndar breytingar hafa öðlast gildi.

(*) Stjttíð. EB nr. L 75, 21. 3. 1990, bls. 19, með áorðnum breytingum samkvæmt Stjttíð. EB nr. L 349, 13. 12. 1990, bls. 26.“

2. Viðaukinn við þessa tilskipun kemur í stað viðaukans.

2. gr.

Aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari með gildistöku frá 1. apríl 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. mars 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

GRUNDVALLARREGLUR UM FLÆÐIMÆLINGAR Í MATVÆLALÍKI

Ákvörðun flæðis í matvælalíki er gerð með matvælalíki sem mælt er fyrir um í I. kafla þessa viðauka og við mæliaðstæður sem tilgreindar eru í II. kafla viðaukans. Samt sem áður skal einskorða ákvörðun flæðis við matvælalíki og ítrustu mæliaðstæður sem þekktar eru í því tiltekna tilviki sem um ræðir.

I. KAFLI

Matvælalíki

1. *Almennt: Plastefni og -hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli af öllu tagi*

Við mælingarnar skal nota það matvælalíki sem tilgreint er hér á eftir, þannig að nýtt sýni plastefna eða -hluta er notað fyrir hvert matvælalíki:

- eimað vatn eða jafngott vatn (= matvælalíki A),
- 3% ediksýra (w/v) í vatnslausn (= matvælalíki B),
- 15% etanól (v/v) í vatnslausn (= matvælalíki C),
- hreinsuð ólífuolía⁽¹⁾ (= matvælalíki D); reynist nauðsynlegt af tæknilegum orsökum vegna greining-araðferðarinnar að nota annars konar matvælalíki þarf að skipta á ólífuólíunni og blöndu tilbúinna tríglyseríða⁽²⁾ eða sólblómaolíu. Heimilt er að nota annars konar matvælalíki og miða við aðra tímalengd og hitastig ef ekkert þeirra matvælalíkjá sem kveðið er á um í þessum undirlið eru viðeigandi.

Samt sem áður skal einungis nota matvælalíki A í þeim tilvikum sem sérstaklega er getið um í töflu þessa viðauka.

2. *Sértilvik: plastefni og -hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við eina matvælategund eða tiltekinn flokk matvæla*

Við mælingarnar skal:

- eingöngu nota það matvælalíki sem telst viðeigandi fyrir þá matvælategund eða matvælaflokk sem fram koma í tilskipun 85/572/EBE⁽³⁾,
- ef matvæli eða flokkar matvæla eru ekki í skránni sem um getur í fyrsta undirlið, nota það matvælalíki sem lýst er í 1. þætti og samsvarar best útdráttarhæfni viðkomandi matvælategundar eða matvælaflokks.

II. KAFLI

Mæliaðstæður (tímalengd og hitastig)

1. Flæðimælingar skulu gerðar með því að velja tímalengd og hitastig sem tilgreind eru í töflunni og komast næst því að samsvara eðlilegum eða fyrirsjáanlegum skilyrðum sem ríkja við snertingu plastefnanna eða -hlutanna sem til rannsóknar eru, án þess að vera vægari en þessi skilyrði.
2. Standist plastefni eða -hlutur prófun miðað við tiltekna tímalengd og hitastig er óþarft að mæla efnið eða hlutinn með tilliti til skemmri tíma við sama hitastig eða sömu tímalengdar við lægra hitastig.
3. Ef plastefni eða hlutur kemst þó við notkun óhjákvæmilega í snertingu við matvæli og tvær eða fleiri samsetningar tímalengdar og hitastigs fengnar úr töflunni gilda um slíka notkun, skal ákvarða flæði með því að mæla fyrrnefnt plastefni eða -hlut hvað eftir annað með tilliti til allra þeirra mæliaðstæðna sem í gildi eru og nota til þess sama skammt af matvælalíki.

⁽¹⁾ Eiginleikar hreinsaðrar ólífuolíu:

- joðtala (Wijs) = 80 til 88,
- ljósbrotstuðull við 25°C = 1,4665 til 1,4679,
- sýrustig (gefið upp í % olíusýru) = hámark 0,5 %,
- peroxíðtala (gefin upp í milljafngildi súrefnis fyrir hvert kg af olíu) = hámark 10.

⁽²⁾ Eiginleiki staðlaðrar blöndu tilbúinna tríglyseríða eins og lýst er í grein K. Figges, „Food cosmet. Toxicol“ 10 (1972) 815.

⁽³⁾ Stj.úð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 14.

4. Sé gert ráð fyrir að plastefni eða -hlutur komist í snertingu við matvæli í einhverja tiltekna tímalengd eru mæliaðstæður sem hér segir:
- einungis skal framkvæma 10 daga mælinguna við 40 °C ef til stendur að nota plastefnið eða -hlutinn við raunverulegar aðstæður við 70 °C eða lægra hitastig og það er tekið fram með viðeigandi merkingu eða leiðbeiningum;
 - standi til að nota plastefnið eða -hlutinn við raunverulegar aðstæður við hitastig hærra en 70 °C:
 - skal nota matvælalíki B og C í tveggja stunda mælingu við 100 °C eða, sé þess kostur, endurstreymishitastig og matvælalíki D í tvær klukkustundir við 175 °C ef ekki er um merkingu eða leiðbeiningar að ræða þar sem hitastig við raunverulegar notkunaraðstæður er gefið til kynna,
 - skal velja tímalengd og hitastig úr töflunni ef merking eða leiðbeiningar eru fyrir hendi til að gefa til kynna skilyrði við raunverulegar notkunaraðstæður.
5. Einungis skal framkvæma tveggja stunda mælinguna við 70 °C og 10 daga mælinguna við 40 °C með því að víkja frá þeim skilyrðum sem fram koma í töflunni og 2. mgr. sé við raunverulegar notkunaraðstæður heimilt að nota plastefnið eða -hlutinn í innan við 15 mínútur í senn við 70 – 100 °C hitastig og sé það gefið til kynna með viðeigandi merkingu eða leiðbeiningum. Mælingarnar skulu gerðar hvor fyrir sig á ólíkum sýnum. Nota skal nýtt sýni af sama efni eða hlut fyrir báðar mælingarnar.
6. Komi eðlislægar eða annars konar breytingar í ljós í plastefninu eða -hlutnum, þegar mælingar fara fram við þau skilyrði sem tilgreind eru í töflunni, sem ekki koma fram við eðlilegar eða fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður skal mæla flæði við skilyrði sem eiga betur við í því tilviki sem um ræðir.
7. Þegar rannsaka á efni eða hluti sem nota á í örbylgjuofnum skal við flæðimælingar nota venjulegan ofn og viðeigandi tímalengd og hitastig sem valin eru úr töflunni.

Tafla

Snerting við eðlilega notkun	Mæliaðstæður
<i>Snertitími</i>	<i>Mælitími</i>
$t \leq 0,5$ klukkustundir	0,5 klukkustundir
$0,5 \text{ klukkustundir} < t \leq 1$ klukkustund	1 klukkustund
$1 \text{ klukkustund} < t \leq 2$ klukkustundir	2 klukkustundir
$2 \text{ klukkustundir} < t \leq 24$ klukkustundir	24 klukkustundir
$t > 24$ klukkustundir	10 dagar
<i>Snertihitastig</i>	<i>Mælihitastig</i>
$T \leq 5$ °C	5 °C
5 °C $< T \leq 20$ °C	20 °C
20 °C $< T \leq 40$ °C	40 °C
40 °C $< T \leq 70$ °C	70 °C
70 °C $< T \leq 100$ °C	100 °C eða endurstreymishitastig
100 °C $< T \leq 121$ °C	121 °C(*)
121 °C $< T \leq 130$ °C	121 °C(*)
130 °C $< T \leq 150$ °C	150 °C(**)
$T > 150$ °C	175 °C(**)

(*) Nota skal matvælalíki C við endurstreymishita.

(**) Nota skal matvælalíki D við 150 °C eða 175 °C auk matvælalíkj A, B og C sem notuð eru á viðeigandi hátt við 100 °C eða við endurstreymishita.“